



Kópavogsbær  
Birgir H. Sigurðsson  
Fannborg 2  
200 Kópavogur

Reykjavík, 14. janúar 2015  
Tilvísun: 201412060 /

---

**Efni: Rétt fyrir afrétt Seltjarnarneshrepps hinn forna., Kópavogsbær**

---

Kópavogsbær hefur, með erindi dags. 23. desember 2014, óskað meðmæla Skipulagsstofnunar samkvæmt 1. tl. bráðablrðaaákvæða skipulagslaga nr. 123/2010, með veitingu framkvæmdaleyfis fyrir færslu núverandi lögréttar, Heiðabrunaréttar ásamt gerð bílastæða og aðkomuvegar, frá Fossvöllum og norður fyrir Suðurlandsveg. Áætlað er að byggja nýja rétt nyrst í Mosunum, neðan Neðri - Fóelluvatna, nálægt syðri bakka Heiðabrunakvíslar og austan Búrfellslínu. Staðsetning nýrrar réttar er á svæði þar sem aðalskipulagi er frestað, en er innan lögsögu Kópavogs sbr. úrskurð óbyggðanefndar frá 20. júní 2014.

Málið var rætt á fundi skipulagsnefndar Kópavogs 28. júlí 2014 og í framhaldi var Skipulagsstofn send fyrirspurn varðandi málsmeðferð, sem var svarað með bréfi dags. 14. ágúst 2014.

Erindinu fylgdi lýsing á framkvæmdinni ásamt yfirlits- og afstöðuuppráttum dags. 15. desember 2014, auk eldri gagna frá 28. júlí 2014. Meðfylgandi er samþykki Forsætisráðuneytisins dags. 12. nóv. 2014, og jákvæðar umsagnir eftirfarandi aðila:

- Mosfellsbæjar dags. 16. sept. 2014
- Landsnets dags. 15. sept. 2014
- Umhverfisstofnunar dags. 24. sept. 2014
- Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, dags. 1. okt. 2014
- Lögreglunnar dags. 9. okt. 2014

Skipulagsstofnun hefur yfirfarið framlögð gögn. Með hliðsjón af ákvæðum skipulagslaga gerir stofnunin ekki athugasemd við að sveitarstjórn veiti framangreint leyfi.

  
Málfríður K. Kristiansen